

Föstudaginn 13. júní 1969.

Nr. 8/1969. **Sveinn Garðarsson Hansen**  
(Egill Sigurgeirsson hrl.)  
gegn  
**Aðalsteini Guðmundssyni og**  
**Garðari Þorsteinssyni (enginn).**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Frávisun. Löghaldsgerð úr gildi felld.  
Útivist stefndu.

### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. janúar 1969. Krefst hann aðallega ómerkingar héraðsdóms og frávisunar málsins frá héraðsdómi, en til vara sýknu af öllum kröfum stefndu. Þá krefst hann og ógildingar löghaldsgerðar, sem fór fram hinn 27. september 1968, og svo málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndu hafa ekki sótt þing í Hæstarétti.

Í héraðsstefnu er málsatvikum lýst svo: „Skuld þessi er vegna þess, að stefndi fór fyrirvaralaust úr skiprúmi á v/b Braga, SK 74, og skuldar því uppsagnarfrestinn og orlof, kr. 35.385.50“. Við löghaldsgerðina var lagður fram svohljóðandi reikningur:

„Hr. Sveinn Garðarsson, Flateyri.

PAF

1968

kr. au.

27. 9. An: Trygging vélstjóra í 1½ mánuð á kr.

21.985.00 . . . . . 32.977.50

— Orlof . . . . . 2.308.00

---

Samtals 35.285.50“

Í héraði var ekki gerð nánari grein fyrir málavöxtum, og ekki voru lagðir fram þeir kjarasamningar, sem krafan var reist á. Var málið því í öndverðu svo vanreifað af hálfu stefndu, þ. e. stefnenda í héraði, að ómerkja ber hinn áfrýj-

aða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi. Samkvæmt þessu ber og að fella hina áfrýjuðu löghaldsgerð úr gildi, enda hafa stefndu eigi haldið uppi vörnum í málinu í Hæstarétti. Rétt þykir, að stefndu greiði áfrýjanda kr. 5.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Hin áfrýjaða löghaldsgerð er úr gildi felld.

Stefndu, Aðalsteinn Guðmundsson og Garðar Þorsteinsson, greiði áfrýjanda, Sveini Garðarssyni Hansen, kr. 5.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur aukadómþings Ísafjarðarsýslu 16. október 1968.

Ár 1968, miðvikudaginn 16. október, var í aukadómþingi Ísafjarðarsýslu, sem haldið var í dómsal sýslumannsembættisins af Jóhanni Gunnari Ólafssyni, settum sýslumanni, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 15. þ. m.

Mál þetta er höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, útgefinni 4. október s.l., af Aðalsteini Guðmundssyni og Garðari Þorsteinssyni, báðum til heimilis á Flateyri, gegn Sveini Garðarssyni Hansen, Ránargötu 10, Flateyri, til greiðslu á kr. 35.385.50 ásamt 1% dráttarvöxtum á mánuði og fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 27. september 1968 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Þá er þess krafizt, að löghald, sem gert var 27. september 1968 í inneign stefnda, kr. 34.885.88, hjá sýslumannsskrifstofunni verði staðfest.

Stefnendur skýrðu frá því, að skuldin væri þannig til komin, að stefndi fór fyrirvaralaust úr skiprúmi á v/b Braga, SK 74, eign þeirra, og skuldar þeim því uppsagnarfrest og orlof.

Stefnendur gerðu þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim stefnukröfurnar og að staðfest verði framangreind löghaldsgerð.

Stefndi mætti ekki í málinu og enginn af hans hálfu, og er honum þó löglega stefnt.

Málatilbúnaði stefnenda þykir í engu áfátt, og ber því að dæma málið samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum eftir 118. gr. laga nr. 85/1936.

Ber að dæma stefnda til að greiða stefnendum stefnukröfurnar. Lögaldsgerð frá 27. september 1968 staðfestist.

Málskostnaður nemur samkvæmt framlögðum reikningi kr. 2.410.00, og ber að dæma stefnda til að greiða hann.

#### Dómsorð:

Stefndi, Sveinn Garðarsson Hansen, greiði stefnendum, Aðalsteini Guðmundssyni og Garðari Þorsteinssyni, kr. 35.385.50 ásamt 1% dráttarvöxtum á mánuði og fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 27. september 1968 til greiðsludags og í málskostnað 2.410.00 krónur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Lögaldsgerð frá 27. september 1968 staðfestist.

#### Lögaldsgerð fógetadóms Ísafjarðarsýslu 27. september 1968.

Ár 1968, föstudaginn 27. september, kl. 1600, var fógetadómur Ísafjarðarsýslu settur í sýsluskrifstofunni á Ísafirði og haldinn af Einari Gunnari Einarssyni fulltrúa með undirrituðum vottum.

Fyrir tekið: Fógetadómsmál nr. 22/1968: Að kyrrsetja eignir Sveins Garðarssonar, Flateyri, að beiðni Aðalsteins Guðmundssonar og Garðars Þorsteinssonar, Flateyri.

Gerðarbeiðendur eru báðir mættir, Aðalsteinn Guðmundsson, Grundarstíg 22, Flateyri, og Garðar Þorsteinsson, Drafnargötu 6, Flateyri, og leggja fram nr. 1 löghaldsbeiðni og nr. 2 reikning. Skjölin fylgja.

Að tilhlutan fógeta mætir af hálfu gerðarþola Pétur Bjarnason, innheimtumaður á Ísafirði, og samþykkir hann, að gerðin fari hér fram.

Fógeti leitaði sátta árangurslaust.

Eftir áskorun fógeta lögðu gerðarbeiðendur fram vixil að fjárhæð kr. 15.000.00 sem tryggingu.

Víxillinn er útgefinn í dag af Garðari Þorsteinssyni og ábektur af honum, en samþykkur til greiðslu við sýningu af Aðalsteini Guðmundssyni.

Fógeti og umboðsmaður gerðarþola tóku trygginguna gilda.

Gerðarbeiðendur kröfðust þess, að löghald yrði gert í eignum gerðarþola, inneign gerðarþola hjá sýslumannsembættinu vegna

v/b Braga, SK 74, kr. 34.885.88, og öðrum eignum, ef inneign hrekkur ekki fyrir kröfunni, til tryggingar framangreindri kröfu, kr. 35.385.50, ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 27. september 1968 til greiðsludags og auk alls kostnaðar vegna gerðarinnar og eftirfarandi staðfestingarmáls, fjárnáms og uppboðs, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Áminntur um sannsögli bendir umboðsmaður gerðarpóla á inn eign gerðarpóla hjá sýslumannsembættinu, kr. 34.885.88, en kveðst ekki geta bent á fleiri eignir, þar sem honum er ekki kunnugt um, að hann eigi nokkuð annað.

Fógeti lýsti því yfir, að hann legði löghald á ofangreinda inneign til tryggingar framangreindum kröfum að hluta, allt að geymdum betri rétti 3ja manns.

Fógeti brýndi fyrir umboðsmanni gerðarpóla að tilkynna honum um gerðina og þýðingu hennar.

---

Mánudaginn 16. júní 1969.

Nr. 201/1968. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

**Halldóri Ólafssyni**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Rán. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms. Lögreglumennirnir Bergsteinn Árnason og Hallgrímur Jónsson hafa heitfest skýrslur sínar. Þá hafa vitnin Knud Jørgen Fuldby, Sofus Anton Knud Tuge Jørgensen, Holger Emil Petersen, Hans Peder Christensen, Tage Rugaard, Walter Højgaard Henriksen og Jørgen Hansen komið fyrir dóm í Kaupmannahöfn og borið vætti. Vitni